

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 08.12.2021

## Fundur 8-2021

---

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar miðvikudaginn 8. desember 2021 kl. 17:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.  
Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

1.Fundargerðir

-Félags- og skólaþjónusta

-Tónlistarskóli

2.Erindi frá Húnaþingi vestra

-drög að samningi um skipulags- og byggingarfulltrúa

-kostnaðardreifing

3.Erindi frá Ferðamálastofu

4.Fjárhagsáætlanir, fyrri umræða

-2022

-2023-2025

5. Styrkbeiðni

6.Önnur mál

### **Afgreiðsla:**

1.Fundargerðir

-Félags- og skólaþjónusta

Fundargerð lögð fram til kynningar.

-Tónlistarskóli

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2.Erindi frá Húnaþingi vestra

-drög að samningi um skipulags- og byggingarfulltrúa

-kostnaðardreifing

Frá Húnaþingi vestra bárust drög að samstarfssamningi Húnaþings vestra, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Í drögunum er gert ráð fyrir að nýtt embætti taki til starfa 1. janúar 2022.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur oddvita að vinna að nánari útfærslu kostnaðarskiptingar í samráði við þáttökusveitarfélög.

3.Erindi frá Ferðamálastofu

Óskað er eftir að setja upp teljara við göngustíg að Kálfshamarsvita vorið 2022. Sveitarstjórn veitir góðfúslegt leyfi fyrir uppsetningu á teljara.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 08.12.2021

## Fundur 8-2021

---

---

4.Fjárhagsáætlanir, fyrri umræða

-2022

-2023-2025

Fjárhagsáætlanir ræddar og vísað til seinni umræðu.

5. Styrkbeiðni

Styrkbeiðni frá Velunnarasjóði Skagastrandar. Samþykkt að veita styrk að upphæð 100.000,- kr.

6.Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson